

Framkvæmdasjóður ferðamanna

2. úthlutun í jan. 2013

1. Byggðasafn Skagfirðinga – Glaumbær í Skagafirði – skipulag og hönnun safnsvæðis

2.550.000 kr. styrkur til deiliskipulagsvinnu og landslagshönnunar fyrir safnsvæði Byggðasafns Skagfirðinga í Glaumbæ með áherslu á heildarmynd svæðisins. Markmið styrkveitingar er m.a. að vernda merkar menningarminjar, bæta ásýnd og aðkomu svæðisins, auka þjónustu við gesti og stýra umferð ferðamanna um staðinn. Styrkurinn er til undirbúnings undir framkvæmdir á svæðinu.

2. Dalvíkurbyggð – Umhverfi- og útivist í Dalvíkurbyggð

500.000 kr. styrkur til undirbúnings og kortlagningar á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða í Dalvíkurbyggð. Markmið styrkveitingar er m.a. að styðja við uppbyggingu innviða fyrir náttúrutengda ferðaþjónustu í Dalvíkurbyggð með tengsl við aðrar byggðir á Tröllaskaga. Styrkurinn fellur m.a. að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða (s.k. Landsneti ferðaleiða) um landið.

3. Ferðamálasamtök Suðurnesja – Þjónustuhús við Valahnúk á Reykjanesi

1.500.000 kr. styrkur er veittur til deiliskipulags- og hönnunarvinnu í tengslum við fyrirhugað þjónustuhús við Valahnjúk á Reykjanesi. Markmið styrkveitingar er m.a. að bæta innviði fyrir ferðaþjónustu og útivist á Reykjanesi og styrkja svæðið sem heilsárs áfangastað. Styrkurinn er til undirbúnings að framkvæmdum á svæðinu.

4. Ferðaþjónustan Reykjanes – Reykjanes - Vatnavinir Vestfjarða

2.500.000 kr. styrkur til hönnunar og framkvæmda við steinhlaðin sjóböð, útsýnisglervegg, göngustíga og merkingar á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Markmið styrkveitingar er m.a. að vernda náttúru og menningarminjar á Reykjanesi, bæta innviði fyrir ferðaþjónustu og styrkja svæðið sem heilsárs áfangastað. Styrkurinn er liður í uppbyggingu EDEN gæðaáfangastaða ferðamanna á vegum Vatnavina Vestfjarða.

5. Fjarðabyggð - Hólmanes friðland og fólkvangur

5.000.000 kr. styrkur til framkvæmda við salernisaðstöðu, göngustíga og merkingar skv. samþykktu deiliskipulagi. Markmið styrkveitingar er að byggja upp innviði fyrir útivist og ferðaþjónustu í Hólmanes friðlandi og fólkvangi og stuðla að lengingu ferðatímabilsins á Austurlandi. Styrkurinn fellur einnig að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða (s.k. Landsneti ferðaleiða) um landið.

6. Fornleifavernd ríkisins - Stöng í Þjórsárdal, ásýnd og umhverfi

20.000.000 kr. styrkur til að ljúka skipulags- og hönnunarvinnu við minjasvæðið á Stöng, á grundvelli vinningstillögu úr hönnunarsamkeppni, og til að hefja markvissa uppbyggingu innviða skv. hönnunarteikningum og framkvæmdaáætlun. Markmið styrkveitingar er að vernda merkar menningarminjar við Stöng í Þjórsárdal, bæta aðgengi, innviði og ásýnd svæðisins, auka fræðslu og þjónustu við gesti og stjórna umferð ferðamanna um svæðið. Uppbygging við Stöng er liður í eflingu Þjórsárdals sem heilsárs áfangastaðar með áherslu á sögu- og náttúrutengda ferðamennsku.

7. Framkvæmdasjóður Skrúðs – Þjónustuhús við Skrúð í Dýrafirði

5.000.000 kr. styrkur til hönnunar og framkvæmda við þjónustuhús fyrir ferðamenn við Skrúð í Dýrafirði. Markmið styrkveitingar er að bæta innviði fyrir ferðaþjónustu við Skrúð í Dýrafirði, stuðla að verndun menningarminja, og lengingu ferðamannatímans á svæðinu.

8. Grindavíkurbær – Húshólmi í Ögmundarhrauni - Bætt aðgengi að minjum

1.500.000 kr. styrkur til deiliskipulagsvinnu, landslagshönnunar og framkvæmda við Húshólma í Ögmundarhrauni, með áherslu á heildarmynd svæðisins. Markmið styrkveitingar er að vernda náttúru- og menningarminjar við Húshólma í Ögmundarhrauni, bæta aðgengi að minjasvæðinu og auka upplýsingagjöf um staðinn.

9. Gunnarsstofnun – Skriðuklaustur - aðgengi fyrir alla

1.100.000 kr. styrkur til framkvæmda við Skriðuklaustur og Gunnarshús á grundvelli úttektar Aðgengis ehf. um aðgengi fyrir alla. Markmið styrkveitingar er að gera Gunnarsstofnun og nýopnað minjasvæði við Skriðuklaustur aðgengilegt öllum.

10. Hafnarfjarðarbær – Seltún - öllum til sóma

1.000.000 kr. styrkur til vinnu við gerð deiliskipulags og landslagshönnunar fyrir Seltún í Krísuvík, með áherslu á heildarmynd svæðisins. Markmið styrkveitingar er m.a. að vernda jarðminjar, ásýnd og yfirbragð svæðisins, bæta innviði fyrir ferðaþjónustu og öryggi ferðamanna. Styrkurinn er til undirbúnings undir framkvæmdir á svæðinu.

11. Hrunamannahreppur – Aðgengi að Gullfossi austanmegin

700.000 kr. styrkur til undirbúnings, skipulags- og hönnunarvinnu til að bæta aðgengi og merkingar fyrir gangandi gesti austan megin að Gullfossi. Markmið styrkveitingar er búa til nýjan og spennandi valkost fyrir ferðamenn á Suðurlandi og draga úr álagi á aðra staði.

12. Hveravallafélagið ehf – Deiliskipulag Hveravalla, virkjun borhola og veituframkvæmdir

10.000.000 kr. styrkur til endurskoðunar deiliskipulags og hönnunar Hveravallasvæðisins, með áherslu á heildarmynd svæðisins, sem og hönnun og framkvæmdir við dæluhús og lagnir til að tryggja sjálfbæra raforkuframleiðslu og vatnsöflun. Markmið styrkveitingar er að vernda náttúruminjar, bæta ásýnd og yfirbragð svæðisins, innviði fyrir ferðaþjónustu og öryggi ferðamanna, tryggja sjálfbæra raforku- og vatnsöflun, og stjórna umferð ferðamanna um svæðið.

13. Ísafjarðarbær – Göngustígakerfi Ísafjarðarbæjar – Hönnun og skipulag

750.000 kr. styrkur til að kortleggja og skipuleggja kerfi gönguleiða um Svf. Ísafjarðarbæ með tengingum við næstu sveitarfélög. Markmið styrkveitingar er m.a. að byggja upp innviði og skilyrði fyrir náttúrutengda ferðaþjónustu á Ísafirði, og augin tengsl milli byggðakjarna á Vestfjörðum, með áherslu á gönguferðamennsku. Styrkurinn fellur að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða (s.k. Landsneti ferðaleiða) um landið.

14. Kötlusetur ses – Dyrhólaey

900.000 kr. styrkur til hönnunar og smíði fræðslu- og viðvörunarskilta fyrir Dyrhólaey. Markmið styrkveitingar er m.a. að bæta öryggi og upplýsingagjöf til ferðamanna í Dyrhólaey. Styrkurinn er liður í uppbyggingu áfangastaða ferðamanna innan Kötlu jarðvangs.

15. Kötlusetur ses – Hjörleifshöfði

550.000 kr. styrkur til hönnunar og smíði fræðslu- og viðvörunarskilta við Hjörleifshöfða. Markmið styrkveitingar er m.a. að fjölga áfangastöðum ferðamanna á Suðurlandi og dreifa álagi, vernda náttúru og menningarminjar í Hjörleifshöfða og bæta öryggi og upplýsingagjöf. Styrkurinn er liður í uppbyggingu áfangastaða ferðamanna innan Kötlu jarðvangs.

16. Kötlusetur ses – Sólheimajökull

3.000.000 kr. styrkur til landslagshönnunar með áherslu á heildaryfirbragð svæðisins, framkvæmdir við stígagerð og smíði og uppsetningu fræðslu- og viðvörunarskilta m.m. Markmið styrkveitingar er m.a. að vernda náttúru og jarðminjar við Sólheimajökul, bæta aðgengi, innviði og ásýnd svæðisins, auka öryggi og upplýsingagjöf til ferðamanna og stjórna umferð um svæðið. Styrkurinn er liður í uppbyggingu áfangastaða ferðamanna innan Kötlu jarðvangs.

17. Kötlusetur ses – Víkurfjara

1.900.000 kr. styrkur til deiliskipulagsvinnu, landslagshönnunar og framkvæmda við Víkurfjöru, með áherslu á heildaryfirbragð svæðisins. Markmið styrkveitingar er m.a. að fjölga áfangastöðum ferðamanna á Suðurlandi og dreifa álagi, vernda náttúru og menningarminjar í Víkurfjöru, byggja upp innviði fyrir ferðaþjónustu, bæta öryggi og upplýsingagjöf, og styrkja svæðið sem heilsárs áfangastað. Styrkurinn er liður í uppbyggingu áfangastaða ferðamanna innan Kötlu jarðvangs.

18. Landeigendur Reykjahlíðar – Göngupallar/stígur á Hverarönd austan við Námaskarð

1.500.000 kr. styrkur til deiliskipulagsvinnu og landslagshönnunar með áherslu á heildaryfirbragð svæðisins. Markmið styrkveitingar er m.a. að vernda náttúru og jarðminjar við Hveri austan Námaskarðs, bæta ásýnd og yfirbragð svæðisins og öryggi ferðamanna. Styrkurinn er til undirbúnings undir framkvæmdir á svæðinu.

19. Langanesbyggð – Upplýsingareitur á Þórshöfn

1.120.000 kr. styrkur til hönnunar, smíði og uppsetningu upplýsingaskilta á Þórshöfn. Markmið styrkveitingar er að bæta upplýsingagjöf til ferðamanna á svæðinu.

20. Rangárþing eystra – Aðgengi að Gluggafossi

700.000 kr. styrkur til deiliskipulagsvinnu og landslagshönnunar sem undirbúning fyrir uppbyggingu nýs áningarstaðar við Gluggafoss. Markmið styrkveitingar er m.a. að stuðla að verndun náttúru og jarðminja við Gluggafoss í Fljótshlíð, bæta aðkomu og ásýnd svæðisins, auka öryggi og upplýsingagjöf til ferðamanna og stjórna umferð um svæðið. Styrkurinn er liður í uppbyggingu áfangastaða ferðamanna innan Kötlu jarðvangs.

21. Rangárþing eystra – Skipulag og uppbygging stíga við Skógafoss

1.350.000 kr. styrkur til deiliskipulagsvinnu og framkvæmda við stígagerð við Skógafoss. Markmið styrkveitingar er m.a. að bæta ásýnd og yfirbragð svæðisins við Skógafoss, auka öryggi ferðamanna og stjórna umferð um svæðið. Styrkurinn er liður í uppbyggingu áfangastaða ferðamanna innan Kötlu jarðvangs.

22. Rangárþing eystra – Skipulagsgerð og framkvæmdir við Hamragarða og nærumhverfi

3.000.000 kr. styrkur til deiliskipulagsvinnu og landslagshönnunar, með áherslu á heildaryfirbragð svæðisins við Hamragarða og Seljalandsfoss. Markmið styrkveitingar er að láta skipuleggja og hanna svæðið við Hamragarða og Seljalandsfoss sem eina heild, vernda náttúru, menningarminjar og ásýnd svæðisins, bæta innviði fyrir ferðaþjónustu, auka öryggi og upplýsingagjöf til ferðamanna og stjórna umferð um svæðið. Styrkurinn er til undirbúnings undir framkvæmdir og er liður í uppbyggingu gæðaáfangastaða ferðamanna innan Kötlu jarðvangs.

23. Rangárþing ytra – Deiliskipulag Landmannalauga

3.000.000 kr. styrkur til að láta vinna deiliskipulag fyrir Landmannalaugar. Markmið styrkveitingar er m.a. að bæta ásýnd og yfirbragð Landmannalauga til framtíðar, vernda stórbrotna náttúru og jarðminjar, bæta innviði fyrir ferðaþjónustu, auka öryggi og stjórna umferð ferðamanna um svæðið. Styrkurinn er til undirbúnings undir frekari hönnun og framkvæmdir á svæðinu.

24. Rangárþing ytra – Rammaskipulag Fjallabaks

3.000.000 kr. styrkur til áframhaldandi vinnu við rammaskipulag fyrir stór-Fjallabakssvæðið. Markmið styrkveitingar er m.a. að samræma skipulag og aðgerðir er varða ferðaþjónustu, samgöngur og öryggismál milli þriggja sveitarfélaga á þessu vinsælasta ferðamannasvæði á hálendi Íslands sem jafnframt er eitt viðkvæmasta svæði landsins náttúrufarslega. Áhersla er á að viðhalda ásýnd og yfirbragði svæðisins, draga úr álagi og skemmdum á náttúru og vernda náttúruminjar, en á sama tíma að byggja upp nauðsynlega innviði og þjónustu fyrir ferðafólk, bæta öryggi ferðamanna og stjórna umferð um svæðið.

25. Reykjavíkurborg – Bætt aðgengi fatlaðra í Viðey

1.500.000 kr. styrkur til framkvæmda á grundvelli úttektar Aðgengis ehf. um aðgengismál í eyjunni. Markmið styrkveitingar er að gera Viðey aðgengilega fyrir alla óháð skerðingu eða fötlun.

26. Sandgerðisbær – Aðgengi að Stafnesvita

1.000.000 kr. styrkur til hönnunar og framkvæmda á stígum og útsýnispöllum við Stafnesvita í Sandgerði. Markmið styrkveitingar er m.a. að bæta ásýnd og yfirbragð svæðisins og gera aðkomu að Stafnesvita aðgengilega fyrir alla óháð skerðingu eða fötlun.

27. Sandgerðisbær – Gönguleiðir kringum Sandgerðistjörn

2.000.000 kr. styrkur til hönnunar og framkvæmda við gönguleið í kringum Sandgerðistjörn, Markmið styrkveitingar er m.a. að fegra umhverfi tjarnarinnar, bæta innviði, aðgengi og upplifun ferðamanna á svæðinu með áherslu á fuglaskoðun, hlaða vegg meðfram þjóðveginum til Garðs og byggja upp göngustíg á hleðslunni.

28. Seyðisfjarðarkaupstaður – Landamærahöfnin - Markaðstorg og almenningsgarður

4.000.000 kr. styrkur til uppbyggingar á markaðstorgi og almenningsgarði á Seyðisfirði, í samræmi við framkvæmdaáætlun og teikningar landslagsarkitekts af svæðinu. Markmið styrkveitingar er m.a. að fegra umhverfi hafnarsvæðisins á Seyðisfirði, búa til stað með markaðstorgi og almenningsgarði og gera svæðið áhugavert fyrir ferðamenn til að staldra við, versla og/eða njóta veitinga og mannlífs.

29. Síldarminjasafn Íslands ses. – Fegrun umhverfis og bætt aðgengi

1.100.000 kr. styrkur til lokafrágangs á lóð Síldarminjasafnsins á Siglufirði þmt. bryggjumíði og smíði göngupalla. Markmið styrkveitingar er m.a. að fegra umhverfi minjasafnsins, bæta aðgengi fyrir alla og aðstöðu utandyra fyrir gesti safnsins.

30. Skaftárhreppur – Fjaðrárgljúfur - uppbygging innviða

5.000.000 kr. styrkur til uppbyggingar innviða við Fjaðrárgljúfur á grundvelli deiliskipulags. Markmið styrkveitingar er m.a. að bæta ásýnd svæðisins og hanna og byggja upp innviði fyrir ferðapjónustu s.s. salernisaðstöðu, örugga útsýnisstaði við gljúfrið, betri merkingar og göngustíga. Styrkurinn er liður í uppbyggingu gæðaáfangastaða ferðamanna innan Kötlu jarðvangs.

31. Skógrækt ríkisins – Þjónustuhús í Þjóðskógunum - Laugarvatn

7.500.000 kr. styrkur til framkvæmda við þjónustuhús, bálskýli og frágang á umhverfi í Laugarvatnsskógi í Bláskógabyggð á grundvelli vinningstillögu úr fyrirhugaðri hönnunarsamkeppni. Markmið styrkveitingar er m.a. að styðja við uppbyggingu þjónustuhúsa og betri innviða fyrir ferðamenn í þjóðskógunum Skógræktar ríkisins.

32. Snæfellsbær – Útivistarstígur og áningarstaðir milli Rífs og Ólafsvíkur

1.175.000 kr. styrkur til skipulags- og hönnunarvinnu við útivistarstíg og áningarstaði ferðamanna í Snæfellsbæ. Markmið styrkveitingar er m.a. að styðja við uppbyggingu innviða fyrir náttúrutengda ferðapjónustu í Snæfellsbæ og á Snæfellsnesi. Styrkurinn er til undirbúnings undir framkvæmdir og fellur m.a. að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða (s.k. Landsneti ferðaleiða) um landið.

33. Stykkishólmsbær – Súgandisey

5.700.000 kr. styrkur til framkvæmda við göngustíga, hellulögn, palla, tröppur og merkingar skv. teikningum landslagsarkitekts og samþykktri framkvæmdaáætlun. Markmiðið er m.a. að byggja upp og bæta stíga, merkingar og áningastaði í Súgandisey við Stykkishól, fegra umhverfi eyjarinnar og bæta öryggi og upplifun ferðamanna. Styrkurinn er liður í uppbyggingu EDEN gæðaáfangastaða ferðamanna.

34. Sveitarfélagið Bláskógabyggð – Geysir í Haukadal - Hugmyndasamkeppni og deiliskipulag

20.000.000 kr. styrkur til hönnunarsamkeppni og heildarskipulags fyrir Geysissvæðið. Markmið styrkveitingar er m.a. að bæta ásýnd, yfirbragð og innviði svæðisins til framtíðar, vernda náttúru og jarðminjar, tryggja aðgengi og öryggi ferðamanna og draga fram gæði svæðisins með góðri hönnun. Styrkurinn er liður í að gera Geysissvæðið að viðurkenndum gæða ferðamannastað.

35. Sveitarfélagið Hornafjörður – Jöklavegurinn, 1. áfangi - Göngubrú og stígar við Fláajökul

7.300.000 kr. styrkur til hönnunar og framkvæmda við göngubrú, stíga og merkingar við Fláajökul. Markmið styrkveitingar er m.a. að byggja upp 1. áfanga af s.k. Jöklaveg (Jöklaleið) meðfram Vatnajökli. Styrkurinn fellur að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða (s.k. Landsneti ferðaleiða) um landið.

36. Sveitarfélagið Hornafjörður – Jöklavegurinn, 2. áfangi – Umhverfisbætur vestan Jökulsárlóns
3.600.000 kr. styrkur til hönnunar og framkvæmda við gerð göngu- og hjólaleiðar á milli jökullónanna Jökulsárlóns og Fjallsárlóns og uppbyggingar áningarstaða ferðamanna á þeirri leið. Markmið styrkveitingar er m.a. að byggja upp 2. áfanga af s.k. Jöklaveg (Jöklaleið) meðfram Vatnajökli. Styrkurinn fellur að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða (s.k. Landsneti ferðaleiða) um landið.

37. Sveitarfélagið Ölfuss – Reykjadalur 2013

5.000.000 kr. styrkur til hönnunar og framkvæmda við gönguleið í Reykjadal í Ölfusi á grundvelli deiliskipulags og framkvæmdaáætlunar. Markmið styrkveitingar er að byggja upp innviði og aðstöðu fyrir náttúrutengda ferðapjónustu í Reykjadal í Ölfusi, vernda náttúru og menningarminjar, tryggja öryggi ferðamanna og bæta merkingar. Styrkurinn fellur að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða (s.k. Landsneti ferðaleiða) um landið.

38. Umhverfisstofnun – Deiliskipulag fyrir Gullfoss

1.800.000 kr. styrkur til að vinna deiliskipulag, fullnaðarhönnun og framkvæmdaáætlun á grundvelli vinningstillögu úr hugmyndasamkeppni. Markmið styrkveitingar er m.a. að bæta ásýnd og yfirbragð Gullfosssvæðisins til framtíðar, byggja upp innviði með áherslu á aðgengi fyrir alla, öryggi og upplifun ferðamanna og náttúruvernd. Styrkurinn er til undirbúnings undir framkvæmdir á svæðinu.

39. Umhverfisstofnun – Deiliskipulag og framkvæmdir við Hverfjall (Hverfell) í Mývatnssveit

1.500.000 kr. styrkur til að vinna deiliskipulag og landslagshönnun fyrir þjónustusvæði við Hverfjall ásamt hönnun og uppsetningu upplýsingaskilta og merkinga. Markmið styrkveitingar er m.a. að bæta ásýnd og aðkomu þjónustusvæðis fyrir ferðamenn við Hverfjall, vernda náttúru og sérstæðar jarðmyndanir, byggja upp innviði fyrir ferðapjónustu, tryggja öryggi ferðamanna og stýra umferð ferðamanna um svæðið. Verkefnið er liður í að styrkja Mývatnssveit sem heilsárs áfangastað.

40. Umhverfisstofnun – Hugmyndasamkeppni fyrir Skútustaðagíga

3.650.000 kr. styrkur til hugmyndasamkeppni fyrir náttúruvættið Skútustaðagíga. Markmið styrkveitingar er m.a. verndun sérstæðrar náttúru og menningarminja við Skútustaðagíga, bætt ásýnd og aðkoma að svæðinu, uppbygging stíga og nauðsynlegra innviða. Verkefnið er liður í að styrkja Mývatnssveit sem heilsárs áfangastað ferðamanna.

41. Vestmannaeyjabær - Fyrir og eftir gos - merkingar

600.000 kr. styrkur til hönnunar og uppsetningar upplýsingaskilta um Heimaeyjargosið 1973. Markmið styrkveitingar er m.a. að viðhalda merkum sögu- og jarðminjum, bæta upplýsingagjöf og upplifun ferðamanna og styrkja Vestmannaeyjar sem heilsárs áfangastað.

42. Vesturbyggð og Umhverfisstofnun – Fullnaðarhönnun áningastaða við Bjargtanga

1.500.000 kr. styrkur til fullnaðarhönnunar áningastaða við Bjargtanga á grundvelli vinnu við deiliskipulag Látrabjargs, sem er í vinnslu. Markmið styrkveitingar er m.a. að vernda náttúru- og menningarminjar, bæta innviði fyrir ferðapjónustu, tryggja öryggi ferðamanna og lengja ferðamannatímamann. Styrkurinn er liður í undirbúningi vegna fyrirhugaðs þjóðgarðs.

43. Vinir Þórsmerkur - Viðhald gönguleiða á Þórsmerkursvæðinu

1.000.000 kr. styrkur er veittur til viðhalds og uppbyggingar stofngönguleiða í Þórsmörk og Goðalandi og til að bæta merkingar. Markmið styrkveitingar er að bæta ástand stíga og merkinga í Þórsmörk og Goðalandi, vernda viðkvæma náttúru svæðisins og tryggja öryggi ferðamanna. Styrkurinn fellur að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða (s.k. Landsneti ferðaleiða) um landið.

44. Þrísker ehf – Frystihúsið í Flatey á Breiðafirði

3.700.000 kr. styrkur er veittur til framkvæmda við endurbyggingu á frystihúsi Flateyjar með það fyrir augum að bæta þjónustu og efla ferðamennsku á svæðinu. Markmið styrkveitingar er m.a. að vernda sögu- og menningarminjar í Flatey á Breiðafirði og bæta þjónustu við ferðamenn á svæðinu. Styrkurinn er liður í uppbyggingu EDEN gæðaáfangastaða ferðamanna.